



Sumarstörf

Starfslýsing:

Umsjónaraðili með fegrun bæjarins og opnum svæðum Leiðbeinandi Vinnuskóla Strandabyggðar

Leitað er að umsjónaraðila með fegrun bæjarins og opnum svæðum. Hér er um að ræða starf þar sem viðkomandi hefur umsjón með mótun verkefna sem miða að því að fegra bæinn og byggja upp opin svæði. Viðkomandi er einnig leiðbeinandi við Vinnuskóla Strandabyggðar. Eitt tímabil verður í boði í Vinnuskóla Strandabyggðar í sumar og felst starfið í skipulagi og umsjón með því.

Vinnuskóli Strandabyggðar heyrir undir tómsfundafulltrúa og er í samstarfi við Áhaldahús Strandabyggðar.

Í starfinu felast eftirfarandi verkefni:

- Mótun og skipulagning verkefna sem miða að fegrun bæjarins
- Yfirumsjón með verkefnum og fræðslu til nemenda í Vinnuskóla Strandabyggðar
- Verkstjórn og leiðsögn til aðstoðarfólks og ungmenna í Vinnuskóla Strandabyggðar
- Virk þátttaka í hverju því starfi sem ungmennin taka sér fyrir hendur
- Vera nemendum góð fyrirmynd, hvatning og stuðningur
- Vinna með uppbyggileg samskipti og skapa liðsheild í nemendahópnum
- Ábyrgð á verkfærum og innkaupum á vegum Vinnuskólans
- Samskipti og samstarf við Áhaldahús, sveitarstjóra og tómsfundafulltrúa Strandabyggðar og íbúa á svæðinu
- Skil á tímaskýrslum og umsögnum um nemendur
- Skil á lokaskýrslu um starfið
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni sem tengjast umhverfi bæjarins og Vinnuskóla Strandabyggðar.

Starfstími er áætlaður frá byrjun maí og út ágúst eða eftir samkomulagi. Starfsstöð er í Áhaldahúsi.

Gerð er krafa um góða samskiptafærni og góð tengsl við fólk á öllum aldri, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og þjónustulund auk frumkvæðis og hugmyndaauðgi.

Umsækjandi skal hafa reynslu af því að starfa með ungmennum og þekking á starfi vinnuskóla er kostur. Bílpróf er skilyrði. Æskilegt er að umsækjandi hafi náð 20 ára aldri, sé reglusamur og stundvís og með hreint sakavottorð.

Nánari upplýsingar veitir tómsfunda- og íþróttafulltrúi, Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir í síma 696-7046.